

Kæru útskriftarefni, formaður skólanefndar, starfsmenn og þið, ágætu gestir, sem eruð þátttakendur með okkur í dag þó úr fjarlægð sé!

Ég býð ykkur öll velkomin á útskrift þessa glæsilega hóps sem hjá mér situr hér á sviðinu.

Í dag er hátíðisdagur fyrir alla því stóru markmiði hefur verið náð. Stórum markmiðum ber að fagna.

Á undanförunum árum hafið þið, kæru útskriftarnemar, tekið hvert skrefið af öðru í áttina að því marki sem þið eruð nú að ná. Hvert þessara skrefa hefur verið sigur, því þau hafa eitt af öðru fært ykkur nær lokamarkinu.

Í dag eru ekki sumir sigurvegarar - í dag eru allir sigurvegarar, því þið hafið öll náð settu marki. Við, starfsfólk VA, erum afar stolt af ykkur.

Skóli er lifandi stofnun og því er skólastarf alltaf viðburðaríkt og fjölbreytt. Það er óhætt að segja að það skólaár sem nú er að ljúka hafi verið viðburðaríkt eins og fyrri ár. Þegar ég horfi til baka yfir liðinn vetur á ég eiginlega erfitt með að átta mig á hvernig var tími fyrir þetta allt ... ásamt því að sinna hinu daglega skólastarfi. Skóli er svo margt annað en samsafn áfanga sem mynda hinar mörgu ólíku námsbrautir. Skóli er litríkt samfélag fólks og þar er að mörgu að hyggja.

Undirstaðan í öllu námi í íslensku skólakerfi eru svokallaðir grunnþættir menntunar sem eiga að lita allt starf í skólunum okkar. Þessir grunnþættir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði, velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Grunnþættirnir eiga að lita allt starf skólans, hvort sem um er að ræða í kennslu einstakra áfanga eða í öðru og óformlegra starfi. Stundum, þegar ég les yfir grunnþættina, þá læðist að mér sú hugsun að við getum aldrei komið þessu öllu til skila í skólastarfinu. Þegar ég hins vegar horfi til baka yfir liðinn vetur eins og í dag sé ég svo vel að skólastarfið litast einmitt af þessum þáttum ... öllum sem einum. ... Það er ekkert minna en frábært!

Læsi í víðum skilningi er grundvallarfærni í mannlegu samfélagi og litar allt okkar daglega skólastarf. Færni sem alltaf er jafn mikilvæg þó hugsanlega megi segja að færnin þurfi sífellt að verða víðtækari. Nemendur þurfa að ná tökum á alls konar táknerfum og miðlum, þurfa að geta vegið og metið hvað er áreiðanlegt og hvað ekki. Hvað gagnast og hvað síður. Á þetta hefur sannarlega reynt á þessum síðustu vikum þegar við höfum verið að reyna, öll sem eitt, að vega og meta þær upplýsingar sem flæða yfir okkur varðandi þá ógn sem heimsbyggðin hefur staðið frammi fyrir undanfarið og stendur enn.

Í heilbrigði og velferð felst annar grunnþáttur. Það er óhætt að segja að áhersla á þennan þátt liti allt starf VA. Umhyggja fyrir nemendum og sú eftirfylgni sem getur falist í smæðinni er sannarlega einn af styrkleikum hans. Fyrir vikið stendur VA hvað fremstur meðal framhaldsskóla þegar kemur að því að draga úr brottfalli nemenda. Tvö síðustu ár hefur skólinn náð þeim eftirtektarverða árangri að allir nemendur sem innrituðust í skólann að loknu grunnskólanámi skiluðu sér inn á annað ár framhaldsskólans.

VA er heilsueflandi framhaldsskóli og forvarnastarf er mjög virkt innan skólans. Forvarnir eru afar vítt hugtak en áherslan undanfarið hefur verið á að efla félagslífið og móta fleiri hefðir í skólastarfinu. Það höfum við gert m.a. með því að festa Kærleiksdaga í sessi sem enda með hinni glæsilegu árshátíð skólans. Í ár bar árshátíðin heitið Stjörnubjört nótt og var mikið um dýrðir. Óhætt er að segja að nemendaráðið hafi farið á kostum við undirbúning þessa viðburðar.

Austfirsku ólympíuleikarnir voru endurvaktir og voru haldnir í VA sl. haust. Þessi viðburður er í samstarfi við framhaldsskólana hér fyrir austan. Nemendur skólanna hittast einn dag í upphafi skólaárs og keppa í hinum ýmsu íþróttagreinum, bæði hefðbundnum og óhefðbundnum. Nemendur VA sigruðu ólympíuleikana í ár og er ætlunin að verja bikarinn á næsta skólaári.

Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti koma einnig sterk inn sem grunnþættir í skólastarfinu.

Skólinn hefur það hlutverk að efla hæfni nemenda til gagnrýnnar og virkar þátttöku í lýðræðissamfélagi. Því þarf að vinna með alla þessa þætti með víðtækum hætti, fræða um lýðræði en ekki síður þarf starf skólans að vera litað af lýðræðislegum vinnubrögðum. Ein leið til þess er að gefa nemendum aukið tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt. Má þar til dæmis nefna lokaverkefni á stúdentsbrautum. Þar vinna nemendur verkefni að eigin vali með stuðningi faglegra leiðbeinenda sem þeir velja sér sjálfir. Uppskeruhátíð er svo í lok annar en þá kynna nemendur verkefnin sín.

Mannréttindi og jafnrétti á að hafa í hávegum í skólum. Nemendur fá í gegnum námið tækifæri til að rækta hæfileika sína til að lifa í anda umburðarlyndis og jafnréttis en einnig í gegnum ýmiss konar nefndir og önnur viðfangsefni. Kenndur er áfangi í kynjafræði sem margir nemendur sækja og í undirbúningi er stofnun hinsegin félags við skólann. Nemendur og starfsmenn sitja saman í jafnréttisráði og móta þar jafnréttisáætlun skólans. Einnig er unnið að jafnrétti til launa en VA hlaut í vetur jafnlaunavottun og var meðal fyrstu framhaldsskóla landsins til að ná því markmiði.

Í gegnum öflugt erlent samstarf kynnast svo nemendur og starfsmenn skólans öðrum þjóðum og víkka þannig sjóndeildarhring sinn og umburðarlyndi gagnvart því sem öðruvísi er.

Grunnstoðin sjálfbærni snýst um að huga að hinu flókna samspili umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Þegar sjálfbærni er annars vegar snýr algengasti skilningurinn að því að við skilum umhverfinu til afkomenda okkar í ástandi sem ekki er lakara en það var þegar við tókum við því.

Þetta flókna samspil fær sitt rými í skólastarfinu en VA hefur verið grænfánaskóli frá haustinu 2018. Við skólann starfar virk umhverfisnefnd sem vinnur að hinum ýmsu framfaraverkefnum á þessu sviði. Nefndin vakti að vanda athygli á plastlausum september og fatasláin okkar margfræga er alltaf á sínum stað. Þar er hægt að skila af sér fötum á slána eða grípa sér „nýja“ flík.

Umhverfis- og loftslagsstund var haldin í skólanum í samstarfi við Rótarýklúbb Neskaupstaðar og mátti þar hlýða á margs konar áhugaverð erindi. Sérstaklega er mér minnisstætt þaðan erindi Önnu Karenar Marinósdóttur, fulltrúa nemenda í umhverfisnefnd sem er meðal brautskráningarnema hér í dag, en hún fjallaði um kolefnisfótspor, veganisma og fleira tengt umhverfismálum. Anna Karen flutti sinn boðskap af þekkingu og skynsemi, hún bað ekki um nokkur

Þúsund jarðarbúa sem væru fullkomnir gagnvart umhverfinu heldur það hún um 7 milljarða sem gerðu sitt besta!

Umhverfisnefndin hlaut nú nýlega veglegan styrk úr Sprotasjóði til að halda umhverfisdaga á komandi skólaári í samstarfi við Náttúrustofu Austurlands og Nesskóla, þar er sannarlega eitthvað að hlakka til. Þegar horft er til skilnings og aðgerða unga fólksins okkar gagnvart sjálfbærni og umhverfismálum þá er ekki hægt annað en að líta framtíðina björtum augum.

Sköpun er síðasta en alls ekki síðsta grunnstoðin. Sköpun snýst ekki bara um afrakstur - sköpunarferlið skiptir ekki minna máli, þar sem nemendur uppgötva, beita gagnrýninni hugsun, rannsaka. Sköpunin er alls staðar þegar skólastarf er annars vegar - enda á hún að vera alls staðar. Hún er í tímum þar sem kenndar smíðar, hún er frumkvöðla-áfangi þar sem nemendur stofna fyrirtæki og hanna vöru, hún er í tímunum þar sem nemendur velja hvernig verkefnum er skilað og upp spretta ljóð, podcast þættir og myndasögur, hún er í rannsóknarritgerðinni þar sem höfundur er alltaf að baki að skapa verk sitt þó hann sé stundum falinn í verkinu. Sköpunin er allt um vefjandi alls staðar, svo lengi sem við bjóðum hana velkomna.

Ég nefndi hér í upphafi að nú væri hátíðisdagur - en í dag er líka öðruvísi dagur því í fyrsta sinn er brautskráning frá VA lokuð öðrum en brautskráningarnemum og nauðsynlegu starfsfólki.

En þessi dagur er bara einn af mörgum öðruvísi dögum sem við höfum upplifað á undanförunum vikum.

Við höfum upplifað daga þar sem skólinn hefur verið mannlaus og lokaður, við höfum upplifað daga þar sem allt námið fer fram í rafrænum kennslustofum. Við höfum upplifað daga þar sem allt námsmat fer fram í gegnum netið og þar sem mest öll samskipti við samnemendur eða samstarfsfólk fer fram í gegnum samskiptaforrit.

Öllum þessum öðruvísi dögum og aðstæðum hafa nemendur og starfsmenn VA rúllað upp með glæsibrag. Ég held að óhætt sé að segja að lausnamiðuð hugsun og þrautseigja hafi einkennt allt skólastarfið vikum saman og gert það að verkum að við stöndum hér í dag. Það er ekki sjálfgefið að ná að ljúka skólaári í aðstæðum sem þessum. Það tókst vegna magnaðrar seiglu og hugmyndaauðgi nemenda og starfsmanna, eiginleikum sem ég hef dáðst að og hafa fyllt mig gríðarlegu stolti undanfarnar vikur.

Kæru nemendur! Til hamingju með að ljúka námi ykkar í þeim stífu skorðum sem aðstæður undanfarinna vikna hafa sett ykkur. Fyrir að hafa ekki látið deigan síga heldur haldið ykkar striki.

En það var nú ekki ætlun mín að standa hér í allan dag, fleiri þurfa að komast að og brautskráning er framundan.

Næst á svið er María Bóel Guðmundsdóttir sem mun flytja fyrir okkur lagið **Ekkert sem að breytir því**. Höfundur lags er Jens Hansson og texti er eftir Stefán Hilmarsson.

Gjörðu svo vel María Bóel.

Lokakveðja

Kæru nemendur!

Dagurinn í dag boðar nýja framtíð. Þið eigið að vera stolt og ánægð með ykkur sjálf, við erum það svo sannarlega. Þið hafið nú lokið áfanga í lífi ykkar og nýjar áskoranir taka við. Hvert sem lífið leiðir ykkur munið að vera þið sjálf og velja ykkur þann farveg í lífinu sem veitir ykkur lífsfyllingu.

Ég bið ykkur að njóta dagsins með fjölskyldum ykkar og vinum – nú er sannarlega tækifæri til þess að lifa í núinu. Við skulum ganga saman út í sumarið og fagna bjartri framtíð ykkar og okkar allra.

Ég segi 34. starfsári Verkmenntaskóla Austurlands lokið og skólanum slitið.

Að lokum ætlum við að syngja saman lagið „Sumarkveðja“.

Lagið er eftir Inga T. Lárusson, texti er eftir Pál Ólafsson. Austfirðingar báðir tveir.

Ég vil biðja þær Evu Björgu og Maríu Bóel að koma hér og leiða sönginn við undirleik Júlíusar Óla.

Í hefðbundinni brautskráningu væri hér fullur salur af fólki til að taka undir með þeim stöllum en svo er ekki í dag. Því eins og klifað hefur verið á, þá er þetta óvenjulegur hátíðisdagur. Því hvet ég ykkur, kæru brautskráningarnemar, til að taka vel undir í söngnum.

Eva Björg, María Bóel og Júlíus Óli – gjörið svo vel.